

Minnisblað Fræðslu og menningarsviðs í framhaldi af samþykkt bæjarráðs um að ráðstafa hluta af arðgreiðslu frá Lánasjóði sveitarfélaga til forvarnarmála

Klókir krakkar

Lagt er til að námskeiðin Klókir krakkar og Klókir litlir krakkar verði haldin í Garðabæ. Námskeiðið er meðferðarúrræði við kvíða barna. Meðfylgjandi er tilboð frá Sálstofunni sem sýnir umfang og kostnað. Námskeiðshöfundar leggja áherslu á að forráðamenn greiði hluta af námskeiðskostnaði í því felist ákveðin skuldbinding. Tillaga er að foreldrar greiði 25-30% af námskeiðskostnaði. Jafnframt er lagt til sérkennslustjórar/námsráðgjafar skólanna fái að tilnefna eitt barn frá hverjum skóla bæði leik- og grunnskóla og sálfræðingar sem og aðrir starfsmenn skóladeildar geti einnig hlutast um að börn komist á námskeið. Lagt er til að keypt verði tvö námskeið fyrir hvorn aldur á þessu almannaksári og ávinningur þeirra metinn í samráði við sérfræðiþjónustu skóladeildar. Heildarkostnaður við námskeið fyrir báða hópana frádregnum greiðslum foreldra væri um 3.000.000.- og er þá miðað við eitt námskeið fyrir hvorn aldursóp. Með þessu gætum við boðið ákveðnum hópi barna á aldrinum 3-12 ára sem glíma við kvíðavanda og/eða foreldrum þeirra upp á raunprófað námskeið sem hefur sýnt sig að ber árangur og þannig vonandi komið í veg fyrir flóknari vanda síðar. Úræðið er vissulega dýrt en ef það verður til þess að bæta lífsgæði þessara barna og vinna á kvíðatengdum vandamálum má færi fyrir því rök að í því felist sparnaður til lengri tíma lítið.

Kvan námskeið

Á sl. skólaári keypti forvarnarnefnd námskeiðið Verkfærakistuna fyrir um 25 starfsmenn í grunnskólum Garðabæjar. Námskeiðið þótti gefa afar góða raun og nú hefur eineltisteymi bæjarins óskað eftir að slíkt námskeið verði í boði fyrir alla kennara sem starfa hjá Garðabæ. Sjá meðfylgjandi erindi frá eineltisteymi Garðabæjar. Námskeiðið er fyrst og fremst hugsuð til að koma í veg fyrir að einelti eigi sér stað, þjálfar nemendur í að eignast vini og öðlast aukna færni í samskiptum. Rannsóknir sýna að samskiptaörðugleikar, félagslegur vandi og einelti meðal barna skapa oft flóknar tilfinningar og vanda sem fylgt getur einstaklingum fram á fullorðinsár. Það er því til mikils að vinna að bæta samskipti barna. Því er lagt til að kennurum á bæði leik- og grunnskólastigi verði boðið upp á fræðslu af þessum toga. Áætlaður kostnaður er um 5.000.000.-

PMTO

PMTO – foreldrafærni, stendur fyrir "Parent Management Training Oregon aðferð". PMTO er þjónusta við börn, foreldra og skóla sem hefur það meginmarkmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarferðleika og taka markvisst á hegðun barna með aðferðum PMTO. Unnið er með ákveðin verkfæri sem stuðla að jákvæðari hegðun barns. Rannsóknir hafa leitt í ljós að PMTO dregur úr hegðunarferðleikum barns á heimili og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu barns í námi. Þar sem foreldrar eru mikilvægustu kennarar barna sinna er áhersla lögð á ítarlega vinnu með þeim þar sem þeir fá aðstoð við að rjúfa þann vítahring sem hefur myndast með því að tileinka sér nýjar leiðir í uppeldi. Foreldrum er meðal annars kennt að nota kerfisbundna hvatningu, að setja mörk, að nýta markvisst eftirliti, að leysa ágreining og að eiga jákvæða samveru með börnum sínum. Jafnframt er lögð áhersla á skýr fyrirmæli, tilfinningastjórnun. Einnig er boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk skóla í að tileinka sér þessar aðferðir. Á bæjarskrifstofum starfa fimm starfsmenn sem hafa réttindi til að

taka börn í meðferð og halda námskeið fyrir foreldraþópa. Lagt er til að boðið verði upp á námskeið fyrir foreldra elstu barna leikskóla og starfsfólk leikskóla. Áætlaður kostnaður 5.000.000.-

Hjólakraftur

Í vetur hefur hópi nemenda á unglingastigi boðist að taka þátt í starfi Hjólakrafts. Þar sem unnið er með sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda í gegnum hjólreiðar. Áhersla er á jákvætt andrúmsloft, gleði og hvatningu og að stærstu sigirnir felist í að sigra sjálfa sig ekki aðra. Námskeiðinu lýkur með þátttöku í hjólamarafoni WOW. Lagt er til að bjóða upp á námskeiðið í öllum unglingaskólum bæjarins. Kostnaður við hvert námskeið er um 1.500.000.- eða 4.500.000.-

Meðfylgjandi eru bókanir þriggja nefnda sem eru nokkuð samhljóða. Einnig fylgir í viðhengi bókun Ungmennráðs þar sem nálgunin er aðeins önnur.

Mannréttinda- og forvarnanefnd fagnar tillögunni og mælir með verkfærakistunni frá KVAN fyrir starfsfólk í skólum og vináttupjálfun hjá KVAN fyrir nemendur, verkefninu Klókir krakkar, Hjólakrafti og öðrum sjálfsstyrkingarnámskeiðum. Leita þarf eftir hópeflingu/úrlausn fyrir stúlkur í 9.-10. bekk.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju með að arðgreiðslum skuli ráðstafað með þessum hætti og leggur áherslu á að horft sé á snemmtæka íhlutun hvað varðar hegðun, sjálfsmynd og líðan barna.

ÍTG fagnar þessari tillögu og bendir á nokkur mikilvæg verkefni sem hægt er að beina meiri athygli að s.s. hjólakraftur, Klókir Krakkar (Cool Kids Program) sem er meðferðarúrræði, og heilsueflandi samfélag í Garðabæ sem nú er verið að hleypa af stokkunum.